

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 29. mars 2007 í máli nr. S-63/2006:

Ákærvaldið

(Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari)

gegn

Arnari Þór Samúelssyni

(Tryggvi Guðmundsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 12. mars sl., höfðaði ríkissaksóknari með ákæru 12. desember 2006 á hendur ákærða, Arnari Þór Samúelssyni, kt. , til heimilis að Álfabyggð 1 í Súðavík;

„fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 8. október 2006, utandyra bak við verslunina Blómaturinn að Austurvegi 2, Ísafirði, veist að Jóni Gunnarssyni, lögreglumanni, sem þar var að sinna skyldustörfum og slegið hann hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut tannbrot og fleiðrur á yfirborð slímhúðar í hægri kinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976 og lög nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Með ákæru 5. janúar 2007 var opinbert mál, sem fékk númerið S-29/2007 hjá dómnum, höfðað gegn ákærða;

„fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 8. október 2006, utandyra bak við verslunina Blómaturinn að Austurvegi, Ísafirði, slegið Atla Þór Þorgeirsson, í höfuðið með glasi með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð á hársverði á hvirfli hægra megin.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Við þingfestingu 17. janúar sl. var mál nr. S-29/2007 sameinað máli þessu.

Skipaður verjandi ákærða hefur fyrir hans hönd gert þær kröfur að ákærði verði sýknaður af sakargiftum samkvæmt ákæru frá 5. janúar 2007, en að öðru leyti verði

ákærða gerð vægasta refsing sem lög leyfa og sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun verjanda til handa.

I.

Samkvæmt framlögðum rannsóknargögnum voru tveir lögreglumenn í lögreglubifreið við eftirlit í miðbæ Ísafjarðar, aðfaranótt 8. október 2006, um kl. 03:32, er þeir veittu athygli stypingum við skemmtistaðinn Krúsina. Af ljósmyndum sem fyrir liggja í málinu sést að húsnæði skemmtistaðarins er áfast kvikmyndahúsi bæjarins og liggja breiðar tröppur frá gangstétt við Austurveg og upp að inngangi kvikmyndahússins.

Í frumskýrslu lögreglu er bókað að lögreglumennirnir tveir hafi séð ákærða og Þórð Guðnason í áflogum sem borist hafi frá Krúsinni, yfir götuna, og að porti bak við verslunina Blómaturninn. Hafi lögreglu virst ákærði veitast að Þórði sem hörfað hafi undan. Lögreglumennirnir hafi strax kallað eftir aðstoð og síðan haft af mönnunum afskipti. Er lögregla kom að hafi verið búið að stía tvímenningunum í sundur og Helgi Dan Stefánsson verið að reyna að róa ákærða, sem virst hefði ölvaður og í miklu uppnámi. Við hlið Þórðar hafi Atli Þór Þorgeirsson staðið og er í skýrslu lögreglu bókað að skýrsluritari hafi veitt því athygli að það blæddi úr skurði á höfði Atla Þórs.

Skömmu síðar var Atla Þór Þorgeirssyni ekið á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði af lögreglu. Í málinu liggur frammi vottorð Þorbergs Högnasonar lækni, en af vottorðinu verður ráðið að læknirinn hafi meðhöndlað Atla Þór við komu á slysadeildina. Í vottorði læknisins segir svo:

Sjúkl. kom á Slysadeild FSÍ aðfaranótt sunnudagsins 08.10.06. Að sögn hafði sjúkl. orðið fyrir líkamsárás, og fékk annað hvort glas eða flösku í höfuð. Við það hlaut sjúkl. skurð á hársverði á hvirfli hæ. megin. [---]

Við skoðun er sjúkl. áttaður á stað og stund og persónu, hreyfir alla útlími, fylgir fyrir mælum. Ljósop eru jafnvíð beggja vegna og svörun við beinu og óbeinu ljósareiti eru eðlil. Augnhreyfingar eðlil. Það greinast engir aðrir áverkar á höfði, hálsi, brjóstakassa, kvið eða útlimum. Fyrirnefndur skurður er hæ. megin á hvirfli u.þ.b. 25 mm. langur og þverlægur. Það er gert að sári með staðdeyfinu, saumum og umbúðum. [---]

Ekki er talið að sjúkl. beri varanlegt líkamlegt tjón af völdum áverka þessa.

Um málsatvik hvað varðar ákæru ríkissaksóknara frá 12. desember 2006 vísast til þess sem að framan er rakið úr ákærinni.

II.

Við þingfestingu málsins 17. janúar sl. játaði ákærði sök samkvæmt ákæru ríkissaksóknara frá 12. desember 2006.

Við aðalmeðferð málsins 12. mars sl. greindi ákærði svo frá að hann hefði aðfaranótt 8. október 2006 verið að skemmta sér á skemmtistaðnum Krúsinni. Nærri bar staðarins hefði hann hitt fyrir tvo menn sem ákærði hefði síðar fengið að vita að hétu Atli Þór Þorgeirsson og Þórður Guðnason. Ákærði sagði systur vinar síns, Birgittu Arngrímsdóttur, hafa verið með sér og hefðu tvímennigarnir farið að tala við hana. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið neitt allt of kátur með það þó svo að fyrir því hefði ekki verið nein sérstök ástæða. Í kjölfarið sagði ákærði hafa komið til orðahnippinga milli sín og mannanna tveggja. Að þeim loknum hefðu mennirnir yfirgefið staðinn.

Ákærði sagðist því næst hafa farið út af Krúsinni. Við tröppur kvikmyndahússins hefði hann rekist á mennina tvo að nýju. Þeir hefðu aftur farið að ræða saman og þær samræður leitt til rifrildis. Sagðist ákærði hafa ýtt við öðrum mannanna og sá maður þá tekið um háls ákærða. Ákærði kvaðst hafa náð að losa sig frá manninum og slá frá sér en höggið geigað með þeim afleiðingum að ákærði féll í götuna. Hann hefði í kjölfarið verið dreginn í burtu. Kom fram hjá ákærða að utan við Krúsina hefði verið mikill fjöldi fólks.

Um ástand sitt bar ákærði að hann hefði verið búinn að drekka mjög mikið er atvik máls gerðust, eina flösku af vodka og eitthvað meira af barnum. Hann hefði því verið mjög ölvaður. Sérstaklega aðspurður kannaðist ákærði við að hafa meðal annars keypt sér koníak á barnum sem hann hefði fengið í koníaksglasi. Hann neitaði því hins vegar að hafa farið með glasið út af Krúsinni.

III.

Atli Þór Þorgeirsson skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði umrædda nótt verið á Krúsinni ásamt Þórði Guðnasyni, en þeir hefðu báðir verið leiðbeinendur á námskeiði fyrir björgunarsveitina sem haldið hefði verið þessa helgi á Ísafirði.

Inni á skemmtistaðnum sagði vitnið Þórð hafa farið að ræða við stúlku, Birgittu Arngrímsdóttur, sem staðið hefði við hlið ákærða. Það hefði ákærða mislíkað og í kjölfarið komið til orðaskipta milli hans og Þórðar. Efnislega sagði vitnið hafa komið fram hjá ákærða að þeir Þórður væru ekki velkomnir á Ísafjörð og væri þeim réttast að halda sig heima hjá sér. Hefði þetta leitt til þess að vitnið og Þórður ákváðu að yfirgefa staðinn.

Þegar út var komið sagði vitnið þá Þórð aftur hafa rekist á ákærða og hefðu orðahnippingar milli hans og Þórðar haldið áfram. Þá hefðu þeir verið staddir einhvers staðar í miðjum tröppunum fyrir framan kvikmyndahúsið. Kom fram hjá vitninu að ákærði hefði verið með koníaks- eða viskíglas í vinstri hendi, en glasið sagðist vitnið hafa séð ákærða kaupa inni á staðnum stuttu áður.

Vitnið sagði hafa verið farið „að hitna svolítið í“ milli ákærða og Þórðar og það því stigið á milli og ýtt þeim í sundur. Vitnið hefði þá fengið glas í höfuðið, nánar til tekið í hvirfilinn, og hefði höggið komið þaðan sem ákærði stóð, „... við vorum bara þrír og það var svo langt í rauninni í næsta fólk, við vorum bara að reyna að koma okkur í burtu ...“.

Við höggið sagðist vitnið hafa fengið skurð á höfuðið og þá hefði það einnig vankast. Lögreglu hefði síðan borið að og vitnið og félagi þess leitað skjóls í lögreglubifreiðinni.

Fram kom hjá vitninu að það hefði nú jafnað sig að fullu af fyrrgreindum meiðslum.

Aðspurt um áfengisneyslu bar vitnið að það hefði verið búíð að drekka, en ekki verið ölvað. Þórð sagði vitnið einnig hafa verið búinn að neyta áfengis en hann ekki verið áberandi ölvaður. Ákærða kvað vitnið hins vegar hafa verið mjög ölvaðan.

Þórður Guðnason bar fyrir dómi að hann hefði umrædda nótt verið að ræða við stúlku við barinn á skemmtistaðnum Krúsinni þegar ákærði hefði gripið inn í og viljað slást við sig og einnig Atla Þór Þorgeirsson, en þá Atla Þór sagði vitnið báða hafa verið leiðbeinendur á björgunarsveitarnámskeiði sem haldið hefði verið þessa helgi á Ísafirði. Efnislega hefði ákærði sagt eitthvað á þá leið að hann vildi að þeir kæmu sér í burtu, út af staðnum og síðan burt úr bænum. Vitnið sagði þá Atla Þór engan áhuga hafa haft á átökum við ákærða. Þegar ákærði hefði tekið að ýta í vitnið hefðu þeir því ákveðið að koma sér út.

Vitnið sagði þá hafa verið nýkomna út af skemmtistaðnum þegar ákærði hefði komið út á eftir þeim. Ákærði hefði reynt að espa vitnið til slagsmála og Atli Þór þá gengið á milli þeirra. Vitnið kvað Atla Þór hafa snúið að sér „...“ og þá tekur hann glas og stútar á hausnum á honum, á Atla ...“ með hægri hendi. Við höggið hefði tekið að blæða úr höfði Atla Þórs og hann jafnframt fallið í götuna. Áleit vitnið að um koníaksglas hefði verið að ræða en vildi þó ekki fullyrða það. Sagðist vitnið ekki hafa verið búíð að veita glasinu athygli fyrr en ákærði hefði slegið Atla Þór með því. Eftir höggið hefði vitnið séð glerbrot á jörðinni.

Um það hvar þeir Atli Þór og ákærði hefðu verið nákvæmlega þegar ákærði sló Atla Þór samkvæmt framansögðu bar vitnið að þeir hefðu líklega staðið fyrir framan tröppur kvikmyndahússins, nærri götunni. Þá kom fram hjá vitninu að mikill fjöldi fólks hefði verið við Krúsina er atvik máls gerðust.

Eftir að ákærði hafði slegið Atla Þór með glasinu sagði vitnið hann hafa reynt að slá sig en sér tekist að víkja sér undan högginu og ýta við hendi ákærða, sem við það hefði fallið í götuna. Atli Þór hefði þá staðið upp og þeir félagar hörfað undan og yfir götuna. Stuttu síðar hefði lögregla komið á vettvang.

Aðspurt kannaðist vitnið ekki við að hafa tekið um háls ákærða í átökum þeirra.

Um ástand ákærða bar vitnið að hann hefði verið drukkinn og æstur. Þá Atla Þór kvað vitnið hafa verið búna að drekka tvo til þrjá bjóra hvor.

Aðspurt kvaðst vitnið einu sinni hafa hitt Atla Þór fyrir þessa helgi. Ákærða hefði hann hins vegar aldrei séð fyrr.

Helgi Dan Stefánsson skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði umrædda nótt, fyrir utan skemmtistaðinn Krúsina, séð ákærða hlaupa yfir götuna og ætla að slá til dökkhærðs manns. Sá hefði vikið sér undan högginu og ákærði þá fallið í götuna. Ákærði hefði staðið upp að nýju og hann og maðurinn „byrjað eitthvað að hnoðast“ og sá síðarnefndi meðal annars tekið um háls ákærða. Vitnið hefði þá farið og gengið á milli þeirra. Skömmu síðar hefði lögregla komið á vettvang. Atvik þessi sagði vitnið hafa gerst við hlið bifreiðastæðis við verslunina Blómaturinn.

Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa komið að átökum við eða í tröppum kvikmyndahússins þessa nótt.

Hreiðar Ingi Halldórsson greindi svo frá fyrir dómi að hann hefði umrædda nótt verið fyrir utan Krúsina þegar ákærði hefði komið út af staðnum. Fullyrti vitnið aðspurt að ákærði hefði ekki verið með glas eða flösku í höndunum. Vitnið sagði þá ákærða hafa tekið tal saman og þeir verið búnir að ræða saman í um fimm mínútur þegar tveir menn, sem vitnið sagði frá Akranesi, hefðu komið út og ákærði þá farið að tala við tvímenningana. Var á vitninu að skilja að það hefði síðan litið af ákærða og mönnunum um stund.

Þegar vitnið hefði litið til ákærða og mannanna tveggja aftur hefðu þeir verið komnir út á götu og verið farnir að rífast en síðan hefðu byrjað ýtingar þeirra á milli. Ákærði hefði í kjölfarið lent í götunni og annar mannanna farið ofan á hann. Helgi Dan Stefánsson hefði þá komið og hrint honum af ákærða. Stuttu síðar hefði lögregla komið á vettvang.

Vitnið sagði þann mann, sem borið hefði áverka á höfði, hafa tjáð lögreglu á vettvangi, aðspurður um hvernig hann hefði fengið áverkann, að það hefði ekki verið sá litli og bent á ákærða.

Nánar um hvar ofangreind átök hefðu átt sér stað bar vitnið að rifrildið hefði hafist við tröppur kvikmyndahússins. Þegar ýtingarnar byrjuðu hefði leikurinn borist út á götu, í átt að Blómaturinum. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð nein högg í þessum átökum.

Birna Hlín Hilmarsdóttir bar fyrir dómi að hún hefði um nóttina verið að tala við frænda sinn, Atla Þór Þorgeirsson, inni á Krúsinni. Ákærða hefði þá borið að og hann farið að tala við Atla Þór og féлага hans. Um hvað þeim fór á milli gat vitnið ekki borið.

Síðar um nóttina, fyrir neðan tröppur kvikmyndahússins, kvaðst vitnið hafa hitt Atla Þór og féлага hans að nýju. Er þau hefðu verið að ræða saman hefði ákærði komið til þeirra. Vitnið sagði vinkonu sína þá hafa kallað til sín og það í kjölfarið sest inn í bifreið. Skömmu síðar hefði vitnið séð hvar „... allir hlupu yfir götuna og fóru á bak við blómabúðina ...“. Um þau atvik gat vitnið hins vegar ekkert nánar borið.

Hilmar Kristjánsson Lyngmo kvaðst fyrir dómi hafa komið út af Krúsinni um nóttina og þá frétt að ákærði væri í slagsmálum við blómabúðina. Vitnið sagðist hafa farið þangað og komið að ákærða og öðrum manni, sem vitnið hefði ekki þekkt, í átökum í götunni. Kvaðst vitnið hafa tekið í ákærða og dregið hann frá og hið sama hefðu tveir félagar hins mannsins gert við hann.

Nánar um hvar ofangreind atvik gerðust bar vitnið að þau hefðu átt sér stað við gaff gamla kaupfélagshússins sem verslunin Blómaturninn sé nú í.

Róbert Rúnar Sigmundsson bar fyrir dómi að umrædda nótt hefði hann hitt ákærða, skipsfélaga sinn, fyrir utan skemmtistaðinn Krúsina. Ákærða sagði vitnið hafa verið að rífast við einhverja menn sem það kvaðst ekki hafa þekkt. Sagði vitnið til ryskinga hafa komið milli ákærða og mannanna, en aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð nein högg eða spörk í þeim ryskingum. Um samskipti mannanna gat vitnið ekkert frekar borið.

Fram kom hjá vitninu að það hefði verið búið að neyta mikils magns áfengis er atvik máls gerðust. Minni þess af atburðum næturinnar væri af þeim sökum gloppótt.

Þá kom vitnið Bryndís Guðmundsdóttir jafnframt fyrir dóm við aðalmeðferð málsins en ekki þykir þörf á að rekja framburð hennar sérstaklega.

IV.

A.

Fyrir liggur í málinu með framburðum Þórðar Guðnasonar, Atla Þórs Þorgeirssonar og ákærða að til orðaskipta kom á milli ákærða og vitnanna tveggja inni á skemmtistaðnum Krúsinni á Ísafirði, aðfaranótt 8. október 2006. Þá er upplýst með framburðum þremmenninganna að upphaf orðaskipta þeirra má rekja til þess að ákærða mislíkaði að Þórður skyldi vera að ræða við stúlku, sem ákærði kvað vera systur vinar síns. Yfirgáfu Þórður og Atli Þór skemmtistaðinn í kjölfar þessara orðaskipta við ákærða.

Stuttu síðar bar fundum ákærða og Þórðar og Atla Þórs aftur saman fyrir utan Krúsina, í eða við tröppur þær sem liggja að inngangi kvikmyndahúss bæjarins. Atli Þór bar fyrir dómi að orðahnippingar Þórðar og ákærða, sem verið hefði með koníaks- eða viskíglas í hendi, hefðu þar haldið áfram. Er farið hefði verið „að hitna svolítið í“ milli ákærða og Þórðar hefði hann stigið á milli og ýtt þeim í sundur. Hann hefði þá fengið glas í höfuðið, nánar til tekið í hvirfilinn, og hefði höggið komið þaðan sem ákærði stóð. Við höggið sagðist Atli Þór hafa fengið skurð á höfuðið og einnig vankast. Þórður lýsti atvikum þessum svo að við tröppurnar hefði ákærði reynt að espa hann til slagsmála og Atli Þór þá gengið á

milli. Þórður kvað Atla Þór hafa snúið að sér og ákærði þá „stútað“ glasi á hausnum á Atla Þór. Við höggið hefði tekið að blæða úr höfði Atla Þórs og hann fallið í götuna.

Ákærði hefur neitað að hafa slegið Atla Þór í höfuðið með glasi, svo sem honum er gefið að sök í ákæru, dagsettri 5. janúar 2007. Fyrir dómi kannaðist hann við að fundum hans og Atla Þórs og Þórðar hefði aftur borið saman við tröppur kvikmyndahússins og að í kjölfarið hefði komið til rifrildis þeirra á milli. Lýsti ákærði atvikum þannig að hann hefði ýtt við öðrum hvorum þeirra Þórðar eða Atla Þórs og sá þá tekið um háls ákærða. Hann hefði náð að losa sig frá manningnum og slá frá sér en höggið geigað með þeim afleiðingum að hann féll í götuna. Ákærði hefði í kjölfarið verið dreginn í burtu.

Þórður og Atli Þór hafa undir rekstri málsins verið staðfastir í framburðum sínum af ofangreindum atvikum. Hefur Þórður frá upphafi haldið því fram að ákærði hafi slegið Atla Þór í höfuðið með glasi og þá verður framburður Atla Þórs ekki skilinn öðruvísi en svo að ákærði, sem hann sagði hafa verið með glas í hendi, komi einn til greina sem árásarmaðurinn, en Atli Þór hefur verið afdráttarlaus um að hann hafi umrætt sinn verið sleginn í höfuðið með glasi. Hefur ekkert komið fram um það í málinu að fleiri hafi á umræddum tímamarki komið að deilum ákærða og Þórðar. Þá þykir framlagt áverkavottorð, en efni þess er rakið í kafla I hér að framan, vera því til stuðnings að Atli Þór hafi verið slegin í höfuðið með hlut með skörpum brúnum.

Framburður ákærða í málinu hefur aftur á móti ekki verið stöðugur. Þannig lét hann að því liggja fyrir lögreglu í upphafi að Helgi Dan Stefánsson væri líklegur árásarmaður, en dró síðar í land með það. Þá þykir af framburði þeirra vitna sem fyrir dóm komu, og lýstu átökum er ákærði hefði verið þátttakandi í þessa nótt, ljóst vera að ákærði hafi fyrir dómi, líkt og vitnin, verið að lýsa atvikum sem áttu sér stað í námunda við verslunina Blómaturinn, en ekki því sem gerðist stuttu áður í eða við tröppur kvikmyndahússins. Þá verður við mat á framburði ákærða einnig að líta til ástands hans, en hjá vitnum og ákærða sjálfum kom fram að hann hefði verið mjög drukkinn er atvik máls gerðust.

Að öllu framangreindu virtu þykir ákæruvaldinu hafa tekist að sanna gegn neitun ákærða, svo ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi á þeim tíma sem í ákæru frá 5. janúar sl. greinir, framan við kvikmyndahúsið á Ísafirði, slegið Atla Þór Þorgeirsson í höfuðið með glasi með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð á hársverði á hvirfli hægra megin. Með vísan til 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir rétt að dæma áfall á hendur ákærða þrátt fyrir að í ákæru sé ranglega sagt að brotið hafi ákærði framið bak við verslunina Blómaturinn að Austurvegi 2 á Ísafirði, enda ljóst að vörnum ákærða hefur ekki verið áfátt þess vegna. Er brot ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða í ákærinni.

B.

Eins og rakið er að framan játaði ákærði sök í þinghaldi 17. janúar sl. samkvæmt ákæru ríkissaksóknara frá 12. desember 2006. Sú játning ákærða er í samræmi við gögn málsins. Umrætt brot hans telst því sannað og varðar það við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem vísað er til í ákæru.

V.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins gekkst ákærði 16. desember 2004 undir sektargerð lögreglustjóra þess efnis að hann greiddi 50.000 króna sekt vegna umferðarlagabrots.

Brot þau sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir voru tilefnislaus og alvarleg og beindust gegn höfðum brotapolanna. Við ákvörðun refsingar þykir hins vegar mega líta til þess að högg það sem ákærði veitti öðrum brotapolanum með glasi olli hvorki alvarlegum né varanlegum áverkum, þó svo brotið verði allt að einu að telja sérstaklega hættulegt. Þá játaði hann skýlaust brot það gegn valdstjórninni sem honum er gefið að sök í málinu. Að endingu þykir mega horfa til þess að ákærði var einungis tvítugur er hann framdi brotin og þá hefur hann ekki áður gerst sekur um ofbeldisbrot.

Samkvæmt öllu framangreindu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot sitt gegn lögreglumanninum framdi ákærði er verið var að hafa af honum afskipti vegna fyrra brotsins, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi. Eftir atvikum þykir með heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga mega fresta fullnustu refsingar ákærða og skal refsingin falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála dæmist ákærði til að greiða allan kostnað sakarinnar. Samkvæmt framlögðum sakarkostnaðaryfirlitum og fylgigögnum þeirra dæmist ákærði til að greiða 31.370 krónur vegna öflunar áverkavottorða. Að auki verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Guðmundssonar hdl., sem hæfilega teljast ákveðin 199.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði því sakarkostnað samtals að fjárhæð 230.570 krónur.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson, settur héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Arnar Þór Samúelsson, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 230.570 krónur í sakarkostnað.

Kristinn Halldórsson